

**Ed.**

**925. Nefndarálit**

**[290. mál]**

um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í meðferð Alþingis hefur tekist að hrinda tilraun fjármálaráðherra til þess að afnema ákvæði gildandi laga um reiknaðar tekjur manna, sem stunda eigin atvinnurekstur, skv. 59. gr. tekjuskattslaga. Þingmenn Alþýðuflokksins telja mjög mikilvægt að þetta skyldi takast, enda var Alþýðuflokkurinn eini flokkur þingsins, sem þegar í upphafi lýsti eindreginni andstöðu sinni við þessar fyrirætlanir fjármálaráðherra.

Á hinn bóginn fela ákvæði þau, sem stjórnarflokkarnir hafa staðið að um skattstiga og persónuafslátt, í sér áframhaldandi skattþíningu. Með samþykkt á þessum skattstiga ríkisstjórnarinnar er ekki tryggður kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna, eins og ríkisstjórnin haði þó heitið verkalýðshreyfingunni og þar með launþegum þessa lands. Þetta er vitaskuld með öllu óviðunandi.

Í samræmi við það markmið að treysta kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna í því óvissuástandi, sem nú ríkir, og draga úr tekjuskattheimtunni samkvæmt stefnumörkun Alþýðuflokksins, flytur undirritaður tillögur um breytingar á ákvæðum laga um skattstiga og persónuafslátt. Varðandi greinargerð með þessum tillögum vísast að öðru leyti til nefndarálits fulltrúa Alþýðuflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd.

Alþingi, 19. maí 1981.

Kjartan Jóhannsson.